



Landssamband hestamannafélaga
b.t. Berglindar Karlsdóttur
Engjavegi 6
104 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 24. febrúar 2021
Tilv.: SRN20110007/3.3

Efni: Tilnefning fulltrúa í fagráð um umferðarmál

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir tilnefningu fulltrúa í fagráð um umferðarmál. Hlutverk fagráðsins er að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á sviði umferðarmála. Jafnframt skal fagráðið beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Ráðið er ráðherra og Samgöngustofu til ráðgjafar um umferðaröryggismál, framkvæmd umferðaröryggisáætlunar og um fræðslu á sviði umferðar- og umferðaröryggismála.

Ráðið skal vera óháð þeim stofnunum og samtökum sem eiga aðild að því og starfa í umboði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Fagráðið mun hafa stjórn sem kjörin er til tveggja ára í senn. Stjórn ráðsins verður skipuð sex aðilum: formanni, sem skipaður er af ráðherra, varaformanni, sem jafnframt er fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og fjórum til viðbótar, sem kjörnir verða á fundi fagráðsins.

Í fagráðinu munu eftirtaldir aðilar eiga fulltrúa; Akstursíþróttasamband Íslands, Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra, Bifhjólasamtök Lýðveldisins Sniglar, Bílgreinasambandið, Brautin-bindindisfélag ökumanna, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, heilbrigðisráðuneytið, Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, Landssamband hestamannafélaga, Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök hjóltreiddamanna, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra sveitarfélaga, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Samgöngustofa, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök um billausan lífsstíl, Samtök verslunar og þjónustu, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Vegagerðin, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í fagráðið og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í fagraðinu.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu fyrir 5. mars. **Vinsamlega látið kennitölu, heimilis- og netfang tilnefndra fulltrúa fylgja.**

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Kristín Sandra Karlsdóttir